

Nd.

228. Breytingartillaga

[3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Fyrsti málslíður 4. gr. laganna orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það til 1. febrúar 1972 greiða 16% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, 13% frá og með 1. febrúar 1972 og 10% frá og með 31. október 1972.